

**594. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 30. júní 2022
og hófst hann kl. 19:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Magnús Óskar Hálfðásson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 594 lögmætan.

Varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðásson sat fundinn í forföllum Guðlaugs Jónssonar.

Jóhann Örn Hreiðarsson tók þátt í fundinum í gegnum fjárfundabúnað í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Lántaka 2022 - 2205123

Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
Mál frá 593. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 23.06.2022.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 120.000.000,- í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun ársins og felur sveitarstjóra að ganga frá lánsúmsókn þess efnis.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum ársins sem felur í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ólafi Þór Ólafssyni, sveitarstjóra, kt. 300572-5379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

2. Umsagnarbeiðni vegna eldisstöðvar í Tálknafirði framleiðsluaukning - 2112063

Erindi frá Skipualgsstofnun dags. 22.06.2022 þar sem tilkynnt er um þá niðurstöðu stofnunarinnar að framleiðsluaukning í eldisstöð Arctic Fish í Norður Botni, Tálknafirði,

594. fundur
01.07.2022

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Kærufrestur vegna ákvörðunarinnar er til 25.07.2022.

Lagt fram.

Visað til kynningar í skipulagsnefnd.

3. Aðalfundur 2022 - 2206052

Erindi frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 14.06.2022 þar sem boðað er til aðalfundar 29.06.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:34.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Magnús Óskar Hálfðásson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)